

Fundargerð viðburða- og menningarmálanefndar.

Fundur haldinn 23. maí 2019 á Kaffi Kjós.

Mætt Guðný Ívarsdóttir, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Einar Tönsberg, Birna Einarsdóttir og Hermann Ingólfsson.

Fundur settur kl. 20

Rætt um skipulagningu á 17. júní í samvinnu við Kaffi Kjós. Nefndin óskar eftir að sveitasjóður greiði fyrir hoppukastala, blöðrur, veitingar og Blaðrarann (skemmtikraftur).

Rætt um sögusýningarspjöld í Ásgarði. Nefndin leggur til að spjöldin verði sett upp í Kaffi Kjós tímabundið hver sýning (Kirkjusýning, Kvenfélagssýning og Leikfélagssýning).

Rætt um hjartastuðtæki. Nefndin leggur til að staðsetning tækjanna sé endurskoðuð og kynnt betur fyrir íbúum og sumarhúsaeigendum, m.a. með því að setja upplýsingar um staðsetningu á forsíðu kjos.is

Guðbjörg, ritari